

1859.

17. október.

53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls.

Þér hafið, herra stíptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, í bréfi 15. f. m. látið í ljósi álit yðar um, hvernig verja skuli gjöf þeirri, er Charles heitinn Kelsall hafði ánaðnað skólanum (*the College*) í Reykjavík til bókhöðubyggingar, og hafið þér stungið upp á því, að fyrir fæ þetta, sem nú er að upphæð £ 838. 1. 1., sé byggt hús, er geyma megir í eigi að eins bókasöfn lærða skólans og prestaskólans, heldur og stíptsbókasafnið, og ætti, eptir álitinu yðar, að auki að vera í húsi þessu lestrarsalur og húsnaði handa dyraverði.

Eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar um þetta mál, og einkum vegna þess, að bókasafn skólans, enn sem komið er, er næsta lítið, þykir stjórninni ástæða til að fallast á ofan greindar uppástungur yðar, þó á þann hátt, að stíptsbókasafninu að eins fyrst um sinn sé lèð húsrúm í húsi því, sem í ráði er að byggja, á meðan slíkt leyfi ekki kemur í bága við þarfir skólans. Og eruð þér beðnir um að láta búa til og senda síðan hingað uppdrátt af húsinu, og áætlun um kostnað þann, er ganga muni til húsbyggingarinnar.

25. nóvemb. 54. Reglugjörð fyrir nefnd þá í Reykjavík, sem skipuð er í fjárkláðamálinu, samkvæmt bréfi lögstjórans 17. október 1859¹.

1. gr. Nefndinni ber, eins og henni er bezt unnt, að halda vörð á því, að þeim ráðstöfunum, sem þegar er búið að gjöra, til þess að útrýma og lækna fjárkláðann, og varna hans útbreiðslu, verði rækilega fylgt, og þyki þær í þessu atriði ekki nógu tryggjandi, eða eitthvað í þeim of eða van, ber nefndinni að bera upp um það álit sitt og uppástungu, svo úr þessu geti orðið bætt, svo fljótt sem verða má.

1) Reglugjörð þessi er tekin upp eptir „Hirði“ (III, 10-12), þaræð stíptamtmaðurinn ekki hafði skýrt stjórninni frá henni.